

CO TF



11. ÁRGANGUR

2. TÖLUBL. 1975

OKTÓBER





FRÁ RITSTJÓRN....

"CQ TF" kemur nú aftur út eftir nokkurt hlé. En eins og menn eflaust rekur minni til, þá ákvað síðasti aðalfundur að fella niður "de Í.R.A." úr heiti þess. Er nýja nafnið mun liprara og gefur að auki meiri möguleika hvað uppsetningu blaðhauss og útlit varðar.

Ákveðið hefur verið að standa við fyrri á.ætlun um útkomu a.m.k. 4 tölublaða í ár, þ.e. væntanlega í nóvember og desember. (Næstu blöð) E.t.v. kemur þessi aukna útgáfustarfsemi eitthvað niður í fjölda blaðsíðna, en efnismikil og vönduð blöð þurfa samt ekki endilega að vera úr sögunni.

Í þessu sambandi má minna á að 30 ára afmæli Í.R.A. mun vera á næsta ári, og væri félaginu sæmd af útgáfu veglegs afmælisrits.

Beztu þakkir til þeirra sem unnu að þessu blaði.

Vy 73's de Jónas/-3JB.

Stjórn Í.R.A. skipa:

Kristján Benediktsson, TF3KB, formaður.
Kristinn Daníelsson, TF3KD, varaformaður.
Stefán Sæmundsson, TF3SE, ritari.
Björgúlfur Bachmann, TF3EZ, gjaldkeri.
Kristján Magnússon, TF3KM, meðstjórnandi.

Heiðursfélagar Í.R.A.:

Hr. Þórhallur Pálsson, TF5TP.
Hr. Ásgeir Magnússon, TF3AB.

QSL-mamagers:


Guðjón Einarsson, TF3AC.
Sigurbjörn Bjarnason, TF3SB.

VHF-manager:

Kristinn Daníelsson, TF3KD.

"CQ TF" er innanfélagsblað Íslenzkra radíóamatöra, Vesturgötu 68 Reykjavík. Pósthólf 1058. .

Ritstjóri og ábm.: Jónas Bjarnason, TF3JB.



Nýir leyfishafar

Síðan aðalfundur var haldinn hafa eftirtaldir nýir amatörar tekið próf og komið í loftið:

- TF3AMN - Andrés Þórarinsson, Brekkustíg 14, R.
- TF3BSN - Bernhard Svavarsson, Gnoðavog 50, R.
- TF3KX - Kristinn Andersen, Sólvallagötu 59, R.
- TF3UAN - Sæmundur Þorsteinsson, Fornhaga 17, R.
- TF3YHN - Yngvi Harðarson, Blönduhlíð 1, R.

Hefur sá háttur verið tekinn upp að auðkenna nýliðastöðvar með -N sem síðasta staf kallmerkis, og fellur það niður þegar viðkomandi fær A-leyfi.

Yngvi er sá yngsti sem hefur tekið amatörpróf fram að þessu, og er hann aðeins 14, ára. Hann hefur smíðað öll sín tæki sjálfur.

Nýir A-leyfishafar

Fyrir utan TF3KX sem áður er nefndur, hafa nýliðarnir TF3KT, TF3ZH og TF3UAN tekið A-próf og staðist. Kallmerki hins síðasttalda verður samkv. nýju venjunni því TF3UA.

Skátamót

Talsverð amatörstarfsemi hefur verið á skátamótum það sem af er árinu. Hefur verið starfrækt nýliðastöð og haldnar refaveiðar á þrem mótum. Þau voru við Bringur í Mosfellssveit, þar sem TF3HP og TF3ZH stóðu fyrir starfseminni. Og við Úlfljótsvatn með TF3DX, TF3ZH, TF3UAN og TF3AMN. Einnig var haldið mót í Viðey dagana 18-20 júlí sl. og sáu TF3BT og TF3ZH um að starfrækja stöð þar undir kallmerkinu TF3SS. Þá mun núna í október hafa verið starfrækt stöð undir kallmerkinu TF5SS í Dalvík af TF3SE, í samb. við Jamboree on the air.

"Operation Big-Head"

Dagana 12. og 13. júlí sl. var mikið um að vera í Vestmannaeyjum. Þá var í fyrsta skipti í a.m.k. 25 ár starfrækt stöð með forskeytinu TF7. Voru það TF3AC/AW/AX/KD/SB/SE sem þar starfræktu TF7V frá Stórhöfða. Þrátt fyrir óhagstæða "kondisjón" voru höfð nokkuð á annað þús. sambönd.

Alþjóðleg vörusýning í Laugardalshöll

í.R.A. var boðin þátttaka í alþjóðlegu vörusýningunni sem stóð dagana 22. ágúst - 7. september sl., og þáði stjórnin boðið. Skipuð var þrettán manna sýningarnefnd til að annast undirbúning og framkvæmdir. Kynnt var amatör-radíó á sem breiðustum grundvelli, og sýnd stöð í gangi.

Sýningarbásinn sem félagið fékk til afnota var 2,49 x 3,66 metrar eða um 9m². Samhæfing undirbúnings og framkvæmda var í höndum TF3JA, en TF3YH og TF3KM sáu um skipulag og innréttingar. Gefið var út sérstakt kynningarrit sem afhent var á sýningunni. Hlaut það nafnið "Starfsemi Radíóamatöra". Var hér um 10 bls. bækling að ræða.

RTTY

Hinn 29. marz sl. var eitt ár liðið frá því að RTTY komst fyrst í gang á Íslandi. Á þessu ári voru höfð 390 rtty sambönd við 214 stöðvar í 32 löndum. Af sjaldgæfari löndum má nefna: FG7 KZ5-KH6-KX6-OH0-PZ-ZS3-3A1-4U1, auk fjarlæggra landa eins og t.d. JA-ZU-PY. Hefur formaður, TF3KB, haft öll þessi sambönd nema eitt. Ef litið er á árangur einstakra keppna (contests) sést að TF3IRA er ofan við meðallag miðað við aðrar Norðurlandastöðvar. Þegar tekið er tillit til þess að aflíð er 100W inn, og aðeins um 30W út og að loftnetið er mun lakara en hjá þeim stöðvum sem miðað er við, verður þetta að teljast mjög góður árangur.

QTC-sendingar og morseæfingar

Stjórnin hefur haft nokkra viðleitni í frammi til að fá tíðni á 80m sviðinu sem allir mættu nota, óháð tegund leyfis og útgeislunar. Var skrifað bréf til Pósts og síma þar sem farið var fram á að nýliðar og A-leyfishafar mættu senda á 3710 KHz, en þeirri málaleitan var hafnað.

Þá var beðið um túlkun P&s á því hvort leyfilegt væri að senda á SSB í tíðnisviðinu 3500-3550 KHz, en þeirri fyrirspurn var ekki svarað. Hinsvegar var gefið leyfi til QTC-útsendinga í tíðnisviðinu, og munnlega var okkur tjáð að síminn liti þannig á að A3 næði einnig til A3a eða SSB á þann hátt að leyfilegt sé að nota SSB í sviðinu 3500-3550 KHz.

Ætti TF3IRA því ekkert að vera að vanbúnaði að hefja sendingar nú þegar. Vegna anna verður þó tæplega af því fyrr en í haust. Spurningin um tíðni er ennþá óleyst.

Eins og kunnugt er var 3515 KHz tíðnin sem félagið keypti krystalla á illa nothæf vegna truflana frá sendi Landsímans á Suðurnesi á Seltjarnarnesi. Ekki var félagið fyrr búíð að kaupa krystalla á 3525 KHz en upp kom truflun á þeirri tíðni líka:

- sem virðist koma frá sama sendi.

Burðarbylgja er á 3522 KHz, en á henni er eins og sé FM-brum, sem nær upp fyrir 3525 KHz. Styrkurinn tekur stundum stökk, en er mestur um S7 í Í.R.A.

Eins og kunnugt er, uppfylla sendar Landsímans skv. skilgreiningu allar kröfur sem gerðar eru í reglugerðum um aukasveifludreyfingar þeirra. Það er því óvíst hvort þeir fást til að "kíkja" á smotteri sem er ekki nema S7. En ef ekki ræðst bót á þessu eru horfur á að Í.R.A. verði að gera krystalla-innkaup í þriðja sinn.

Ráðstefna IARU Region 1 division

Haldin var ráðstefna í IARU Region 1 division í Varsjá Póllandi dagana 14-18 apríl sl. Af málum sem voru til umræðu má nefna: Tíðnimál, truflanamál (bæði intruder og interference), athuganir á útbreiðslu radíóbylgna, staðlanir ýmsar og margt fleira. Voru gerðar ýmsar samþykktir, sem geta haft áhrif á ýmis svið amatörradíós í framtíðinni. M.a. var samþykkt að mæla með því

við einstök félög að nálgast sín yfirvöld með það í huga að sækja um ný amatörbönd á alþjóðaradíóráðstefnunni, (World Administrative Radio Conference), sem haldin verður 1979. Hafa nú tvö svæði af þrem í heiminum samþykkt þetta, svo líkur eru á að amatörar um allan heim gangi á eftir þessu. Takmarkið er að,

- (i) fá hluta af tíðnisviðinu 1800-2000 KHz fyrir amatöra eingöngu.
- (ii) fá hluta af tíðnisviðinu 3500-3800 KHz fyrir amatöra eingöngu.
- (iii) færa út 40 metra bandið í 7000-7200 KHz fyrir amatöra eingöngu.
- (iiii) útiloka núverandi sameiginlega notkun fastra stöðva og amatörstöðva á sviðinu 14250-14350 KHz.
- (v) fá þrjú ný amatörbönd:

10,1 - 10,6 MHz
18,1 - 18,6 MHz
24,0 - 24,5 MHz

Lögð var á það áherzla að hin einstöku félög landanna yrðu að vinna að þessu við sín yfirvöld, ef einhver árangur ætti að nást, þar sem amatörar hafa aðeins áheyrnarfulltrúa á ráðstefnunni, en ekki atkvæðisrétt.

Of langt mál yrði að skýra frá öllu því sem fram kom á ráðstefnunni. Menn geta kynnt sér doðrant þann sem í.R.A. fékk í hendur og hefur að geyma öll gögn ráðstefnunnar.

IARU Region 1 tíðniskipting


Mælt er með eftirfarandi skiptingu bandanna eftir teg. útgeislunar:

Morse	Rtty	Tal	SSTV
3500-3800 ¹⁾	3600 ± 20	3600-3800 ²⁾	3735 ± 5 KHz
7000-7100	7040 ± 5	7040-7100	7042,5 ± 2,5 KHz
14000-14350	14090 ± 10	14100-14350	14230 ± 5 KHz
21000-21450	21100 ± 20	21150-21450	21340 ± 5 KHz
28000-29700	28100 ± 50	28200-28700	28680 ± 5 KHz


- 1) 2) 3500-3510 KHz og 3790-3800 séu notuð til viðskipta milli heimsálfa. Á tali nota rússar 3635-3650 KHz til slíkra viðskipta.

Emitterjarðtengd Óstabil Vippa

1. Vippa (multivibrator) virðist mér vera ágætt nafn á íslensku. Fer það auðvitað eftir smekk manna hvað þeir kalla það. Myndin hér að neðan sýnir algengustu gerð óstabíllar vippu.



- 1.1 Við skulum athuga hvernig vippan vinnur í aðaldráttum. Þá tökum við ekki tillit til annarra upphleðslustrauma en þeirra sem fara í gegnum kollektorviðnámin R_{k1} og R_{k2} . Við auðveldum basespennuna á leiðandi transistor með því að kalla hann U_f og kollektor/emitterspennuna yfir leiðandi transistor U_r . Við skulum fylgja atburðarrásinni frá tímanum á augnablikinu eftir $t = 0$, sjá mynd 1.1:



T_1 leiðir ekki. ($U_{B1} = \text{negativ}$).

T_2 leiðir með drífspennu $U_{B2} = U_f$ og fær drifstraum í gegnum R_{b2} .

T_1 negativa basespennan getur ekki haldið á móti stöðugt, vegna upphleðslu á C_1 í gegnum R_{b1} (ekki er tekið tillit til leka straums um basin á T_1), og nálgast U_{B1} .

T_1 leiðir ekki (U_{B1} negativ)

T_2 leiðir með drífspennu $U_{B2} = U_f$ og fær drifstraum gegn um R_{b2} .

T_1 negativa basspennan getur ekki haldið á móti stöðugt vegna upphleðslu á C_1 í gegnum R_{b1} (ekki er tekið tillit til lekastraums um basin á T_1) og nálgast $U_{B1} = E$ þegar U_{B1} nær leiðnigildi $U_{B1} = U_0$ byrjar T_1 að leiða. Umskipting hefur byrjað. Straumurinn í gegnum T_1 dregur kollektor spennuna (að $U_{c1} = U_r$) með falli U_1 . Í gegnum C_2 gerist sama negativa fall í U_{B2} , því á meðan á skiptingunni stendur nær hleðslan á C_2 ekki að breytast svo neinu nemi ($R_{b2} \neq$ stór) T_2 hættir að leiða. Kollektor spennan U_{c2} nær E og T_1 fær drifstraum í gegnum R_{b1} .

T_2 lokar með negatífri basspennu U_{B2} og sama gerist aftur. Einu riði er þá skipt í tvo parta sem geta verið mislangir. Með okkar auðveldu athugun fáum við að,

$$\begin{cases} t_1 = \tau_1 \ln \frac{2E - U_f - U_r}{E - U_0} \\ t_2 = \tau_2 \ln \frac{2E - U_f - U_r}{E - U_0} \end{cases}$$

Þar sem maður getur skrifað tímaákvörðunina á eftirfarandi hátt:

$$\begin{cases} \tau_1 = R_{b1} C_1 \\ \tau_2 = R_{b2} C_2 \end{cases}$$

Tíðni vippunnar $f = 1/(t_1 + t_2)$


Ef U_f og U_r hafa lág gildi miðað við E , þá gildir eftirfarandi:

$t_1 = T_1 \ln 2$ og $t_2 = T_2 \ln 2$

1.2 Oft kemur það fyrir að vippan eigi að vera nákvæm.

T.d. má nefna lekastraum í gegnum bas/emitter. Má til dæmis

hindra hann eða að minnsta kosti minnka með því að setja díóðu í emitterinn




Þegar vippan á að ganga með talsvert hárrí tíðni, þá er algengt að púlsarnir verði ölogulegir.

t.d.





Til eru ótal ráð við þessu, eitt þeirra er, ef menn hafa ekki því meiri kröfur, að setja díóður í kollektor rásina,



Þá skiptir maður kollektor viðnáminu, að vísu breytist tíðnin og annað en þá verður maður að taka tillit til þess



Einnig er hægt að stýra vippunni (synka). Þá gerist það frá sveifflugjafa (oscillator) sem er stabílli en vippan.




1.3 Dæmi:

Óstabíl vippa hefur $R_k = 2,2 \text{ k}\Omega$

$R_b = 22 \text{ kohm}$ og $C = 68 \text{ nF}$.

Annar transistorinn er lastaður með $R_l = 2,2 \text{ k}\Omega$, Hvaða mögnun verður hvor transistor að hafa?

Á hvaða tíðni gengur vippan?



$$B_{\min} \geq \frac{R_b}{r_k} \Rightarrow$$

$$B_{\min T_1} = \frac{22}{2.2} = 10$$

$$B_{\min T_2} = \frac{22}{1.1} = \underline{\underline{20}}$$

$$\begin{aligned} t &\approx RC \ln 2 \Rightarrow 22 \cdot 10^3 \cdot 68 \cdot 10^9 \cdot \ln 2 \Rightarrow \\ &15 \cdot 10^4 \cdot 0.69 \approx 10.3 \cdot 10^4 \Rightarrow \\ &1.03 \cdot 10^3 \text{ s} \approx 1.03 \text{ ms} \end{aligned}$$

$$f = \frac{1}{2t} \Rightarrow f = \frac{1}{2.06 \cdot 10^3} \approx 0.486 \cdot 10^3 = \underline{\underline{486 \text{ Hz}}}$$

$$\ln 2 \approx 0.69.$$

Vy 73's de *Jón Magnússon*, TF3IM

-o--o--o

Það eru vinsamleg tilmæli til allra þeirra sem enn hafa ekki greitt ársgjald 1975 að greiða það sem allra fyrst. Sendir voru út gíróseðlar fyrir úpb. mánuði síðan og eiga allir félagsmenn nú að hafa fengið þá. Óski menn þess frekar er einnig hægt að greiða á mánudags- og fimmtudagskvöldum, í í.R.A. Sé gjaldkeri ekki viðstaddur, gefa stjórnarmenn kvittun, en viðkomandi fær síðan félagsskírteini sent í pósti.

Vy 73's de TF3EZ/gjaldkeri.



DX Korner

Ástæða er til að benda mönnum á að DX-Korner'ið hefur hér með yfirtekið til eigin þarfa 1 stk blaðsíðu og er því hætt að vera "korner":

(Electronics magazine)

Að slepptu öllu gamni, þá er DX-KORNER hér með endurvakið. Væntanlega munu birtast hér rare TF-DX með upplýsingum um GMT og mode. En tímasetning er mjög mikilvæg hafi fleiri áhuga á samb. við sömu stöð/land. Annað áhugavert í sambandi við DX-sambönd og skilyrði, mun smám saman gera þáttinn fróðlegan og skemmtilegan.

80m ssb: EA8ZO (01.20) JW5NM (18.00) JY3ZH (00.30)
K2SWP (05.40) OD5BA (01.20) PA0GMW (22.50)
TG9ZS (04.55) VO1FG (00.30) YV3KI (04.50)
5T5AD (02.50)
" cw: KZ5IR (06.12) TF3AMN (18.10)

40m ssb: G3/G4/GM's/PA/F/I/LZ's/OZ/W's og K's. Beztí títími f. phone sambönd á 40m er snemma á morgnana, ca. frá 05.30 og fram til 09.30 en þá er bandið alveg hreint og laust við BC truflanir.

" cw: JW5NM (02.40) OX300 (02.00) CX2SX (05.05)
Segja má að 40 séu ágætis band fyrir cw strax upp úr 01.30 en þá er mest af truflunum horfið. Þegar lengra líður á verður bandið hreinna og helst þannig oft fram að hádegis, og jafnvel fram á dag á cw hlutanum. Gaman væri að menn gæfu bandinu gaum á þessum tímum.

20m ssb: EZ2JM/MM Region 2 (04.10) KV4AB (22.20)
LU2AV (03.08) PY7SR (03.30) VP5WW (01.12)
VP9AT (20.40) VX9A (16.15) ZP3AQ (03.35)
cw: JA2BP (22.00) JH1VOE (22.00) OH0PA (14.00)

15 m: Segja má að 15 hafi verið dintóttir undanfarið, en opnanir hafa komið í opnana-feríóðum, þ.e. skilyrði hafa verið stutt á hverjum degi í ca. 10 daga, en svo hefur lokast á ný. Tíminn milli 21.30 - 23.30 hefur gefið bezta raun hvað DX út fyrir Evrópu varðar.

10m: Höfð hafa verið sambönd bæði á phone og cw á 10 metrum undanfarið. (TF3AX/TF3IRA). Þau sambönd hafa helst skipst í tvær áttir, Evrópu og N-Ameríku. Gaman væri að fréttu frá öðrum um sambönd á 10 metrum.

P.S.: Það skyldi þó aldrei verða, að "korner'ið" legði undir sig 2 stk bls?

Vy 73's de TF3JB.

Vestmannaeyja til að athuga aðstæður og einnig með loftnetsuppsetningar í huga, útveguð loftmynd af Heimaey hjá Landmælingum Íslands í sama tilgangi, símtöl við Hr. Magnús Magnússon þáverandi bæjarstjóra og að ógleymdum Óskari Sigurðssyni vitaverði á Stórhöfða sem góðfúslega hafði gefið leyfi fyrir þessu brambolti okkar.

Lagt var af stað þriðjudaginn 8. júlí frá Reykjavík og förinni heitið til Þorlákshafnar. Í förinni var bifreið sú er farið var með til Vestmannaeyja í eigu Axels, -3AX, hin ágætasta bifreið af Citroen gerð, sendiferðabíll frambyggður, heiðgulur að lit. Rúmaði hann allt okkar hafurtask, um 600 kíló ef ég man rétt, þar af 1 stórt tjald (um 30 m²) og tvö minni ásamt 4 senditækjum, 2 mögnurum, 6 "vertical" loftnetum, efni í önnur loftnet, rafstöð, matföng og fl. og fl. Bifreið þessi vakti verðskuldaða athygli í Vestmannaeyjum enda aðeins til tvær af þessari gerð hér á landi.

Lagt var af stað til Þorlákshafnar tímanlega, en Herjólfur átti að fara þaðan kl. 17.00 til Vestmannaeyja. Kristján, TF3KM, ók með austur, því ekki var pláss fyrir alla í þeim Gula svo löglegt væri. Því miður var Guðjón -3AC eftir, þar sem hann kom því ekki við að fara, en kom þess í stað á föstudeginum með áætlunarvélinni.

Komið var austur um kl. 15.30, en enginn Herjólfur. Var þá ekið rակleitt í vigtarskúrinn niður við bryggju, því hver átti að vita betur um skipaferðir en vigtarmaðurinn?, hann er þó þar á vakt alla daga. Það hefðum við aldrei átt að gera því hann gerði okkur alvarlega skelkaða. Sagði að Herjólfur kæmi aldrei til Þorlákshafnar á þriðjudögum, hann lægi sjálfsagt við bryggju í Reykjavík og færi þaðan kl. 17.00 áleiðis til Vestmannaeyja. Þetta var nú ekki alveg samkvæmt upplýsingunum er við höfðum og var farið að bollaleggja hvort við næðum til baka til Reykjavíkur í tíma til að ná Herjólfvi þar. Einhver var þó það viti

borinn að spyrja vigtarmanninn hvort Ríkisskip hefði ekki umboðsmann í plássinu. Kvað hann svo vera og leiðbeindi okkur heim til hennar, en umboðsmaðurinn reyndist vera kona og svo er verið að tala um misrétti kynjanna á því herrans ári, nei ég auðvita meina ég því kvennaári 1975.....

Eftir nokkra leit römbuðum við á rétt hús og mikið létti yfir mannskapnum þegar hún staðfesti að Herjólfur kæmi, jú.

Ekki skal orðlengja förina til Vestmannaeyja nema þá helzt það að eitthvað var sá Guli þyngri en við höfðum áætlað; að minnsta kosti atluðu vindurnar um borð í Herjólfvi í verkfall þegar átti að hífa, og eitthvað var stýrimaðurinn óhress yfir þyngdinni, talaði um að "dobbla" þyrfti í, og hvaðeina. og skildi það ekki almennilega en um borð komst hann án þess að frekara yrði að gert, en tæpt var það.

Mikið skelfing getur hann Herjólfur oltið, og það á svo til sléttum sjó en fyrir því hafði verið séð, því Axel lét okkur alla sporðrenna einni pillu hálfri klukkustund fyrir brottför samkv. leiðavísi þannig að heilsan var nokkuð góð.

Uppskipun í Eyjum gekk eins og í sögu, og var komið á Stórhöfða um kl. 23.30 og bankað upp á hjá Óskari vitaverði.

Framh. í næsta blaði.

Vy 73's de TF3AW.



HLUSTARAR:TF-STUTTBYLGGJUHLUSTARAR:TF-STUTTBYLGGJUHLUSTARAR:TF-STUTT

Hver sá félagsmaður í.R.A. sem þess óskar getur fengið úthlutað TF-hlustaramerki.

Hlustaramerki eru aðallega ætluð byrjendum, sem ekki hafa haft kynni af amatörstarfseminni, og vilja kynnast viðskiptum á amatörböndunum, og taka þátt í því, sem þar á sér stað. Þeir hafa rétt til að nota QSL-bureau'ið sem aðrir leyfishafar, og einnig klúbbstöðina til hlustunar á þeim tímum sem stjórnin ákveður.

Hér fyrir neðan er skrá yfir íslenska stuttbylgjuhlustara, samkv. skrá TF3EL.

TF3 - 001 Í.R.A.	TF3 - 008 Hermann Kristjánsson
TF3 - 002 Pétur Thomsen	TF3 - 009 Guttormur Guðmundsson
TF3 - 003 Yngvi Harðarson	TF3 - 010 Örn Thomsen
TF3 - 004 Ari Jóhannesson	TF3 - 011 Baldvin Ísaksson
TF3 - 005 Paul R. Smith	TF3 - 012 Kristinn Jóhannesson
TF3 - 006 Ingólfur H. Tryggvason	TF3 - 013 Marteinn Þórðarson
TF3 - 007 Jóhannes B. Birgirsson	TF3 - 014



“Ætli þetta sé ekki radióamatör?”



Nýlega fóru fram viðræður milli QSL-Félagsins og Í.R.A. Samþykkt var á þeim fundi að sameina QSL-Félagið og Í.R.A., að öðru leiti en því að fjárhagur verður sér fyrir Bureau'ið.

Héðan í frá munu TF3AC og TF3SB annast QSL þjónustuna sem QSLmanagers. Blaðinu er kunnugt um að fyrirhuguð sé mikil breyting á QSL-málum núna um áramótin 75/76.

TF5TP -- TF3IRA á öllum böndum


Þau tíðindi gerðust á mánudaginn 7. júlí sl. að samband náðist frá TF3IRA við TF5TP á Akureyri á öllum böndum, eins og skráð var í log Í.R.A.:

<u>GMT</u>	<u>CALL</u>	<u>BAND</u>	<u>MODE</u>	<u>SENT RST</u>	<u>MÓTT RST</u>
21.05	TF5TP	21 MHz	Cw	5-4-9	5-4-9
.20	"	28 MHz	"	5-3-9	5-5-9
.35	"	14 MHz	"	5-7-9	5-7-9
.37	"	7 MHz	"	5-7-9	5-9-9--+20DB
.39	"	3.5 MHz	"	5-6-9	5-7-9

Það er óhætt að segja að skilyrðin hafi verið óvenjuleg í hæsta máta.



- "Nei, þetta er ekki listaverk. Stebbi byrjaði að veggfóðra, en svo fór hann á 3710."



"Ingi, **Ingi**...erum við ekki bráðum komnir upp."



"Biggi minn, þér er óhætt að fara að prófa "Prócessorinn", það er kominn háttatími fyrir börnin."



"Mér skilst að þú hafir keypt kassetu hjá Í.R.A."

QTC



TF3AC/TF7 G. J. EINARSSON

DE TF3AC

Ný kallmerki í Bandaríkjunum 1976. (prefixes).

Nú hefur FCC í U.S.A. úthlutað nýjum kallmerkjum (prefixes), vegna 200 ára afmælis sjálfstæðis Bandaríkjanna.

Þetta kemur til framkvæmda um næstu áramót, og verður allt árið. Ekki eru menn skyldugir að taka þetta upp, heldur geta þeir sem vilja haldið sínum kallmerkjum óbreyttum.

Hér fyrir neðan er tafla yfir breytinguna:

WA	verður	AA	WB6	verður	AG3	KP4	verður	AJ4
WB	-	AB	WG6	-	AG5	KV4	-	AJ3
W	-	AC	WW6	-	AG1	WJ6	-	AJ1
K	-	AD	KH6	-	AH6	WP4.	-	AJ8
WD	-	AE	KM	-	AH7	WV4	-	AJ8
WR	-	AF	KS4	-	AH4	KC6	-	AL4
WN	-	AK	KS6	-	AH3	KZ7	-	AZ7
KB6	-	AG2	WH6	-	AH1	WZ7	-	AZ1
KG6 (Guam)		AG6	WS6	-	AH5			
KW6	-	AG7	KJ6	-	AJ7			

Greinar í erlendum amatörblöðum herma að búast megi við miklum vandræðum og ruglingi til að byrja með.

Amsterdam 700 ára

PA700ASD er sérstakt kallmerki frá amatörstöð í Amsterdam.

En um þessar mundir er haldið upp á 700 ára afmæli borgarinnar, sem allmargir Íslendingar þekkja.

Sérstakt award hefur verið gefið út í tilefni afmælisins. Til þess að ná þessum award þarf 10 punkta. PA700ASD gefur 4 punkta, aðrar PA7 stöðvar 2 punkta, og aðrar stöðvar með QTH í Amsterdam 1 punkt.

QSL kort eða staðfest afrit af log (staðfest af 2 amatörum), skal senda ásamt 4 IRC's til:

(Fyrir 1 marz 1976)

VR2A, Award Manager,
P.O. Box 190, Groningen,
Holland.

Olympics Award 1976

Vegna ólympíuleikanna í Kanada á næsta ári hefur verið gefið út sérstakt award í því tilefni. Sambönd fyrir það gilda frá 1. ágúst 1975 til 31. júlí 1976. En á þessu tímabili breytast mörg kallmerki í Kanada, t.d. VO stöðvar verða XN og VE stöðvar verða XJ, o.s.frv.

Þeir sem áhuga hafa á þátttöku í þessu verða að hafa a.m.k., 1 QSO við hvert fylki, XJ1 - SJ8, XN1 og XN2 eða alls 10 sambönd. Sérstök amatörstöð verður starfrækt á ólympíuleikunum undir kallmerkinu CZ-2-0. Samband við þessa stöð getur komið í stað fyrir hvaða fylki sem er, ef tímabilinu er etv. lokið eða öðruvísi háttar.

OH2BH & fl.

Hafið þið haft samband við OH2BH, Martii? Martii hefur sent út 100.000 QSZ-kort síðastliðin fimm ár.

Upp á síðkastið hefur hann notað tölvu fyrir útskriftina. Og þegar farið er að tala um tölvur og QSL, að þá hóf DARC QSL-Bureau'ið (Vestur-Þýzka) fyrir skömmu sundurgreiningu á QSL-kortum með tölvu. Geta þeir nú sundurgreint 10.000, já, tíu þúsund QSL kort á dag. Vestur-Þjóðverjar eru í dag taldir hafa eitt bezta og nýtizkulegasta bureau'ið.

Nú hefur Í.R.A. tekið upp þá nýbreytni að hafa QSL-kort til yfirprentunar til sölu. Fjórir ungir amatörar, TF3KX/LH/UA og -3YHN hafa nýlega riðið á vaðið í þessum efnum, og væri vel að ýmsir hinna eldri sem skulda QSL-kort mörg ár aftur í tímann tækju sér þá til eftirbreytni.

Þá hefur félagið einnig hafið sölu á íslenskum log-bókum.

Því ekki TF?

Hinn árlegi "Scandinavian Activity Contest" var haldinn fyrir stuttu. Eftirtalin lönd taka þátt í honum: LA - LJ - LG JW - JX - OH - OH0 - OY - OX - OZ - SK - SL - SM. Eins og sjá má taka öll Norðurlöndin þátt í þessum contest, en hann fer fram um miðjan september ár hvert. En hvers vegna er Ísland (TF) ekki í þessum contest. Ég lagði þessa spurningu fyrir formanninn, TF3KB. Hann sagði, að hvert Norðurlandanna, Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland skiptust á um að sjá um contestinn. Það kæmu hundruð logga inn, svo við hefðum ekki mannskap til að fara gegnum þetta allt. Enda væri enginn Contest Manager, sagði -3KB í lokin. Sl. ár sáu Danir um contestinn, í ár Finnar, og næsta ár Svíar. Ef til vill Ísland árið 1977?

CQ WWDX Contest. (phone)

CQ phone contestinn fór fram 25. og 26. október sl. Tvær TF stöðvar tóku þátt í honum, TF3HP og TF3IRA (op -3KB). Ekki er lokið útreikningum á stigum, en væntanlega munum við birta árangur þeirra í næsta blaði. Cw hlutinn fer fram 29-30 nóvember nk. og vonum við að sem flestir taki þátt í honum.

Vy 73's de TF3AC.


ÍSLENZKAR ENDURVARPSSTÖÐVAR?

Erlendis spretta endurvarpsstöðvar á 144 MHz upp eins og gorkúlur. Notkun þeirra er komin í nokkuð fastar skorður á ýmsum svæðum. Annarsstaðar eru þær ennþá í þróun.

Hér á landi hefur öðru hverju verið rætt um að færa mætti innanbæjarviðskipti á tvo metrana, en eftirsjáin sem yrði að viðskiptum út á land hefur e.t.v. dregið nokkuð úr áhuganum á því. Sumir hafa bent á að úr þessu mætti bæta að einhverju leyti með endurvarpsstöðvum á tveim metrum. Það er þó ljóst að not slíkra stöðva yrði ákaflega takmörkuð í okkar fjöllótta landi, nema með miklum fjölda slíkra stöðva og gífurlegum tilkostnaði.

Pósti og síma hefur ekki enn tekist að byggja dreifikerfi fyrir sjónvarp er nær til allra landsmanna, og hafa þeir þó nokkuð meira fé milli handanna en Í.R.A. Það er því lítil von að okkur tækist að koma upp þannig kerfi endurvarpsstöðva sem nota mætti hvar sem er, t.d. á ferðalögum.

En það eru aðrir möguleikar. Því ekki að smíða endurvarpsstöð sem tekur á móti á 2 metrum og sendir á 80 metrum - og öfugt? Hér fyrir neðan er kassamynd af slíkri hugsanlegri endurvarpsstöð sem til greina kæmi:



Á myndinni eru bæði viðtækin í gangi og hvorugur sendirinn. Ef nú einhver kemur í loftið á 80m og sendir t.d. viðeigandi tónkóða, þá fer 2m sendirinn á, 2m viðtækið af, og 80m sendingin fer út í loftið á 2m! Samsvarandi getur sending á 2m endurvarpast á 80m.

Notkun slíkrar endurvarpsstöðvar myndi hafa eftirtalda kosti:

1. Samband er mögulegt milli margra amatöra, þótt sumir hafi aðeins 2m tæki og aðrir aðeins 80m tæki. Og 80m mennirnir gætu verið úti á landi.
2. Ef slíkar endurvarpsstöðvar væru staðsettar út um land, auk Reykjavíkur, gerðu þær mögulegt að hafa samband þótt báðir amatörar væru einungis með 2m tæki.

Hvernig finnst þér lesandi góður, tilhugsunin um að hafa samband t.d. við Akureyri á tveim metrunum?

Vilt þú taka þátt í smíði slíkrar endurvarpsstöðvar?

vy 73's de TF3KB.

KORN

Skyldi það vera rétt hjá skáldinu sem sagði að ekki væri til sú hugsun sem ekki mætti túlka á íslenzku? Að erfiðleikar þeirra sem kvarta yfir hinu gagnstæða liggi bara hjá þeim sjálfum?! Þeir bara finni ekki réttu orðin?

TF3KM hafði nýlokið QSO'ni í Í.R.A. þegar -3AW kemur skyndilega inn á tíðnina og sendir eitthvað sem -3KM er gjörsamlega ómögulegt að skilja. Þá verður honum að orði: "Hver ætli sé að bögglast þarna?" - Jú, líklega er það rétt; að íslenzkan hafi yfir að ráða meiri túlkunarmöguleikum en augljósir eru við fyrstu sýn. - TF3AW var nefnilega að æfa sig á bögg!

Haft er fyrir satt, að "NO-NETA-KLÚBBURINN" svokallaði (eða (ég-keypti-loftnet-og-það-er-uppi-í-hillu-klúbburinn)) sé að missa beztu félagsmenn sína. Þessi grúppa hefur haft það á stefnuskrá sinni að kaupa sem mest af dýrum "vertikölum" og jöklavír til að eiga "á bak við" eins og það er kallað. Það munu vera -3BV, -3JB, og -3TF sem nú loks íhuga "testun" þessara verðmæta í útilofti, með hliðsjón af saltveðri og vindstigum komandi vetrar.

Þau tiltölulega fáu skipti sem íslenzkir radióamatörar hafa þurft að auglýsa í hljóðvarpi, t.d. fundarhöld eða annað, hefur auglýsingarstjóri stofnunarinnar ávalt breytt félaginu í "Íslenzka radióáhugamenn". Sagt er af ná-kunnugum innan stofnunarinnar að mikil vandræði og ýrafár hafi skapast þegar AMATÖRVERZLUNIN v/Laugaveg átlaði skyndilega að auglýsa útsölu á ILFORD filmum:

Murphy's

Haldið ykkur fast! Það hefur gerst aftur. Nýtt lögmál á sviði rafmagnsfræðinnar hefur verið uppgötvað. Öll starfsemi radióamatöra er undir áhrifum þessa lögmáls, sem nefnist MURPHY'S LÖGMÁL í höfuðið á höfundum sínum Edsel Murphy. Grundvallarsetning Murphy's hljóðar þannig:

EF EITTHVAÐ GETUR EKKI MEÐ NOKKRU MÓTI BRUGÐIST, ÞÁ BREGZT ÞAÐ, OG GETI EITTHVAÐ BRUGÐIST, ÞÁ BREGST ÞAÐ Á ÞEIM STAÐ OG TÍMA, SEM KEMUR SÉR VERST.

Murphy's lögmál er sannað stærðfræðilega á eftirfarandi hátt:
Við gefum okkur töluna 1 og notum fyrir hana táknið n - og skrifum:

$$n = 1$$

Með því að margfalda með -1 báðum megin við = merkið fáum við:

$$\begin{aligned} -1 \times n &= -1^2 \\ n^2 - n &= n^2 - 1_2 \end{aligned}$$

Ef nú er leyst upp í þætti báðum megin við = merkið fæst:

$$n(n-1) = (n+1)(n-1)$$

Nú má stytta með $(n-1)$ báðum megin og fæst þá:

$$n = n+1$$



Sem sagt, sérhver tala er einum hærri en hún sjálf. Nú er stærðfræðin eitt af því fáa, sem ekki á að geta brugðist, en þar sem hún hefur gert það í þessu tilfelli þá telst Murphy's lögmál sannað. Til að bjarga stærðfræðinni út úr þessari klípu verður að innleiða nýja merkingu í það sem hingað til hefur verið kallað: "sama-sem-merki" (=), og þýðir það hér eftir: "varla nokkurntíma sama-sem". Þetta er einmitt rauði þráðurinn í lögmáli Murphy's.

Við skulum nú snúa okkur að því hvernig Murphy's lögmál birtist í ýmsum myndum:

1. Verð allra hluta er nákvæmlega π sinnum meira en upphaflega var gert ráð fyrir (þessvegna er π á svo mörgum borðtölvum.
2. Ef nokkur möguleiki er á að villa komist í útreikninga, mun hún gera það, á þeim stað sem hún veldur mestum skaða, og erfiðast er að koma auga á hana.
3. Í öllum útreikningum er það trúlegasta talan, sem er vitlaus.
4. Mál eru alltaf gefin í þeim einingum, sem óhentugastar eru hverju sinni. Bylgjulengdir eru t.d. gefnar í fer-tommum á sjómílu.

5. Ef í eitthvert tæki þarf n hluta (komponenta), þá, er fjöldi fánlegra hluta $n-1$ (sbr. regluna $n = n+1$).
6. Hlutar, sem ættu að geta gengið í stað annarra, gera það ekki.
7. Hlutar, sem ekki má, eða ekki er hægt að tengja vitlaust, eru tengdir vitlaust.
8. Ef þörf er á sérstöku viðnámi er það ófánlegt. Viðnámsgildið er heldur ekki hægt að fá fram með neinskonar samsíða tengingu. eða raðtengingu.
9. Allar leiðslur, sem klipptar eru mátulega langar eru of stuttar.
10. Því meir, sem menn vanda sig við að lóða tengi á snúru eða kapal, þeim mun meiri líkur eru á að gleymst hafi að setja lok/hólk/hettu eða annað nauðsynlegt upp á kapalinn áður en lóðað var. Ef svo ólíklega vill til að hinn endinn sé laus, þá er kapallinn a.m.k. 100 metra langur:
11. Nákvæmlega eins hlutar, sem prófaðir eru við nákvæmlega eins skilyrði, eru ekki eins, þegar tækið er komið saman.
12. Þegar búið er að setja saman tæki, er alltaf einn hluti sem gengur af. (Sbr. regluna $n - n+1$).
13. Nauðsyn þess að gera grundvallar breytingar á tækjum verður meiri, því nær sem smíðin nálgast lokastig. 14. Enda þótt "breadboard" útgáfan af tækinu virki fullkomlega þá mun hið endanlega tæki ekki gera það. Það tæki, er eins og nafnið ber með sér, hið endanlega.
15. Teikningum af hlutum og tækjum "manuölum" og þess háttar, er kastað með umbúðapappírur. Þetta uppgötvast ekki fyrr en á þarf að halda, þegar nýbúið er að tæma öskutunnurnar.
16. Ef það getur orsakað meiri skaða, þá tekur Murphy's lögmál stundum við hlutverki Ohm's lögmáls. Þetta gerist t.d. alltaf þegar ný tæki eru prófuð.
17. Sjálfsveiflandi sveifluvaki sveiflar ekki af sjálfu sér.
18. Sjálfsveifla í mögnurum er óhjákvæmileg. Hún stafar af of mikilli skerminu.
19. Krystalsveiiluvaki sveiflar á vitlausri tíðni, ef hann þá á annað borð sveiflar.
20. Það kemur í ljós að svo-kallaður PNP-transistor reynist vera af NPN gerðinni.
21. Sé transistor verndaður af "fast-blow" öryggi, verndar hann öryggið með því að fjúka fyrst.
22. "Bleeder"-viðnám hætta að leiða, strax og menn byrja að fikta með afriðilinn.
23. Þéttar í tækjum snúa alltaf þannig, að ekki er hægt að lesa á þá. Ef reynt er að snúa þeim, fara leiðslurnar í sundur fast uppi við þéttinn. Hreyfanlegir þéttar eru aldrei merktir, þá yrði allt of auðvelt að lesa á þá.
24. Öruggustu lóðningarnar reynast vera kaldar, hinar köldu eru faldar.

25. Þegar búið er að losa þær 24 skráfur, sem halda botninum, svo hægt sé að skipta um öryggi, kemur í ljós að bilunin var undir lokinu, og þegar loks er búið að skrúfa lok og botn a aftur kemur í ljós að það gleymdist að setja öryggið undir botninum, aftur í.
26. Verkfæri, sem dettur, lendir alltaf þar sem það gerir mest tjón. (Þetta lögmál er líka þekkt undir nafninu: Hið "selektíva" þyngdarlögmál).
27. Þegar virkilega skiptir máli að hafa QSO, t.d. þegar nýtt land er á bandinu, þá bilar móttakarinn.
28. Ef þú færð langþráð tækifæri til að sína kunningja þínum hversu auðvelt er að ná sambandi við erlendar stöðvar, þá er öruggt að þú nærð ekki sambandi við neinn. Þetta stafar annaðhvort af því að algert "black-out" er á böndunum, eða að sendirinn bilaði um leið og þú kveiktir á honum.
29. Ef hópur radíóamatöra vinnur saman að einhverju verki, þá verður heildar greindarvísitala hópsins eins og um samsíða viðnám væri að ræða, þ.e.:

$$\frac{1}{1Q} = \frac{1}{1Q_1} + \frac{1}{1Q_2} + \frac{1}{1Q_3} + \dots$$
30. Ef nokkur tíma skyldi koma sá dagur að allt virkaði eins vel og það bezt gæti, þá er öruggt að enginn er viðstaddur til að sjá það gerast.

Þetta er mín túlkun og þýðing á Murphy's lögmáli eftir grein í OZ, sem aftur var túlkun og þýðing á grein í QTC. Ef þú þekkir einhver dæmi, sem brjóta í bága við Murphy's lögmál, þá skaltu ekki hafa af því neinar áhyggjur. Það stafar örugglega bara af því að þú vissir ekki að lögmálið var til, sbr. díóður og transistora sem ekki vissu um Ohm's lögmál.

Láttu heldur ekki hugfallast, því ennþá er eftir fjöldinn allur af lögmálum Murphy's, sem hægt er að brjóta. Þeim er haldið leyndum af tillitssemi við góða radíóamatöra.

74, TF3KB.

-0-

Apróf:

Samkvæmt reglum Landsímans um próf fyrir

radíóamatöra, verður A-próf að þessu sinni haldið fimmtudaginn 4. desember nk., í húsakynnum Landsímans v/Austurvöll Reykjavík. (kennsluhúsnæði Póst & símamanna skólans.) Prófið hefst á radíófræðum kl. 08.00 stundvíslega.

Samkvæmt venju er prófið þrjúþætt, radíófræði, morse (60 st. á mín.), og smíðapróf.

Nánari upplýsingar er að fá hjá formanni, TF3KB.

Hér fyrir neðan er sýnd skipting Íslands í kallsvæði samkvæmt skilgreiningu Landsímans.

Sú spurning vaknar strax hjá mönnum hvað hafi orðið um TF1, TF8, TF9 og TF0. Ef til vill ætlar Landsíminn að nota eitthvað



þessara prefixa fyrir aðra þjónustu? Að hafa Vestmannaeyjar með sér prefix en t.d. Grímsey með TF5 finnst mörgum undarlegt.

En hvað um það, skipting Íslands í kallsvæði er nú opinberlega sýnd í fyrsta skipti og er það vel.

ATH:: - Full ástæða er til að hvetja þá sem ekki hafa greitt leyfisgjald til Landsímans, að gera það sem fyrst. Falli niður greiðsla í tvö ár getur svo farið að viðkomandi missi leyfið og verði að gangast undir próf að nýju.

+++++stop++++press++++síða++++stop++++press++++síða++++stop
+++++stop++++press++++síða++++stop++++press++++síða++++stop

Nýliðapróf

Nýliðapróf verður haldið laugardaginn 6. desember 1975, kl. 14.00 í félagsheimili Í.R.A. Vesturgötu 68, Reykjavík.

Próftilhögun verður þannig að fyrst verður prófað í morsi, 35 bókstöfum á mín. Síðan verður skriflegt próf í teóríu (radíófræði) og reglugerð fyrir þá, sem stóðust morseprófið. Loks verða þeir, sem bæði próf hafa staðist teknir í munnlegt próf í viðskiptum. (morse-sending, Q-skammstafanir, o.þ.l.)

Þeir, sem hug hafa á að gangast undir prófið, eru beðnir að hafa samband við formann, TF3KB, sem veitir nánari upplýsingar.

Prófanefnd Í.R.A.

Amatörstarfsemi í Kína

Samkvæmt óstaðfestum fréttum sem blaðinu hafa borizt, mun nú styttest í það að amatörstarfsemi verði leyfð í Kína. Þegar er mikið um stuttbylgjuhlustara (SWL's), við hina ýmsu háskóla landsins, og sagt er að mikill þrýstingur sé á yfirvöld að leyfa a.m.k. viðskipti á VHF tíðnum. Ánægjulegt væri að amatörstarfsemi væri leyfð í Kína, þótt í takmörkuðum mæli væri, því hver vildi t.d. ekki hafa samband við Kína gegnum OSCAR? Að svo stöddu, vildi Kínverska sendiráðið á Íslandi ekki tjá sig um málið þegar við hringdum þangað.

-o--0--o-

Í næsta CQ-TF, verða m.a. eftirfarandi greinar:

.....Ævintýri í Eyjum, framhald af ferðasögu TF7V grúppunnar:
.....Sviss-Quad'inn, grein eftir TF3JA:
.....40 metrarnir, bezta DX bandið? - eftir TF3TF!
.....SSTV, grein um Slov Scan Television!
.....Og fl. & fl. athyglisvert!



ÁHUGAMENN LÍTA INN HJÁ OKKUR

HVERFITÓNAR

HVERFISGÖTU 50

HVERFITÓNAR

LAUGAVEGI 81



MOTOROLA



FJARSKIPTADEILD

Frá einu stærsta forystufyrirtæki heims í fjarskiptum bjóðum við mikið úrval talstöðva fyrir fólksbifreiðar, flutningabifreiðar, bifhjól og vinnuvélar. Einnig móðurstöðvar og handhægar talstöðvar fyrir einstaklinga.

RAFEINDADEILD

Bjóðum allar gerðir Motorola transistora, þétta, viðnám og skyldar vörur.



Kristinn Gunnarsson & Co

GRANDAGARÐI 7 BOX 7011 REYKJAVÍK S: 21811

MOTOROLA



MOTOROLA





ÚTVARPSVIRKJAR GRÚSKARAR

Fjölbreytt úrval af allskonar efni frá PHILIPS til viðgerða og nýsmiða, m.a: þéttar — mótstöður, — lampar, — transistorar, — díóður, — styrkstillar, — hátalarar, — myndlampar, — tengi og fl. og fl. Einnig varahlutir í PHILIPS-tæki, t.d. hnifar o.fl. í rakvélar og nálar og hausar í plötuspilara.

**philips þjónusta
yðar hagar**

**heimilistæki sf
philips**

SÆTÚNI 8 — SÍMI 13869